

Sjálfbærniiverkefnið á Norðausturlandi

19. fundur stýrihóps

Staður: Bakki, PCC BakkiSilicon ehf.

Tími: 22.04.2024 kl. 10:00-14:00

Mætt voru:

Stýrihópur:

Ólafur Arnar Jónsson, Landsvirkjun

Hildur Vésteinsdóttir, Landsvirkjun

Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet

Hjalti Jóhannesson, RHA

Katrín Sigurjónsdóttir, Norðurþing

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, ÞIngeyjarsveit

Starfsfólk:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Auk framangreindra voru á fundinum Gestur Pétursson, forstjóri PCC BakkiSilicon, Marella Steinsdóttir, mannauðsstjóri og Andri Dan Traustason, fjármálastjóri.

Þá kom Karen Mist Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri Grænna iðngarða einnig á fundinn.

1. Kynnisferð um athafnasvæði PCC BakkiSilicon
Farið var í gegnum framleiðsluferli fyrirtækisins frá því að aðföngum er skipað upp á hafnarsvæðinu á Húsavík til þess að vörum fyrirtækisins er skipað um borð í flutningaskip á leið til kaupenda.
2. Starfsemi PCC BakkiSilicon ehf og grænn iðngarður – Gestur Pétursson
Gestur, Marella og Andri kynntu starfsemi PCC Bakki Silicon ehf. auk áhersla í starfsemiinni sem snúa meðal annars að þróun grænna iðngarða og því að jafna kynjahlutföll starfsfólks.
3. Árbakki – grænn iðngarður – Karen Mist Kristjánsdóttir
Karen kynnti þá vinnu sem þegar hefur farið fram við þróun iðngarða á Bakka sem meðal annars er fólgin í því að kortleggja strauma og greina hvað er raunhæft og fýsilegt að laða að iðngörðum á Bakka.
4. Grænir iðngarðar – Norðurþing – Katrín Sigurjónsdóttir
Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings, fór yfir þau verkefni sem snúa að Bakka og eru á borði sveitarfélagsins, til að mynda stofnun þróunarfélagsins Árbakka.
5. Gaumur - Ársyfirlit 2023
Verkefnisstjóri yfirlit yfir framvindu verkefnisins á árinu 2023.
6. Gaumur - Framgangur 2024
Verkefnisstjóri kynnti framgang verkefnisins og framvindu í vöktun á árinu 2024.

Fundi var slitið kl. 13.